

Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benediksdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Að tína lýsingarorð - miðstig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Megin viðfangsefnið eru lýsingarorð og stigbreyting þeirra. Jafnframt er áhersla lögð á hreyfingu, útiveru og skapandi vinnu nemenda.</p> <p>Sambættar eru námsgreinar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Útinám/íþróttir ○ Íslenska 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Réttitunarorða bækur ○ Stafsetninga-orðabækur ○ Leiðréttingarforrit ○ Skapandi afurðir nemenda ○ A5 pappír, bolti, skriffæri og pappír 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi. ○ tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. ○ átt góð samskipt, hlustað, gætt tungu sinna og sýnt viðeigandi kurteisi. ○ nýtt sér orðabækur og leiðréttingarforrit. ○ beitt helstu reglum stafsetningar. ○ sýnt nokkra boltafimi og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-228)</p>	<p>Afurðin er í formi stíls sem er skilað til kennara</p> <p>Leiðsagnarmat og umsögn: Afurð 80% Virkni, ástundun og samvinna 20%</p>	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Læsi ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáning og miðlun ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Ábyrgð og mat á eigin námi <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlistun á kennsluáætluninni „að tína lýsingarorð“.

Þetta samþætta verkefni býður upp á samvinnu íþróttakennara, útináms og íslenskukennara.

1.-2. kennslustund

Kveikja: Kennari skrifar lýsingarorð á töflu og biður nemendur að koma með fleiri orð sem lýsa því sem þeir sjá í skólastofunni. Orðin eru skrifuð upp og nemendur stigbreyta þau.

Næsti hluti er útinám og er verkefnið lagt fyrir áður en farið er út. Gerð er grein fyrir því að lýsingarorðin sem nemendur nota eigi að vera lýsandi fyrir það sem þeir sjá eða finna. Hugmyndin með því er að þjálfna næmi og auka skilning þeirra á því sem er lýsandi í umhverfi þeirra. Nemendur taka með sér blað og blýant og skrifa niður þau lýsingarorð sem þeir finna.

Næsta skref er stöðvavinnan þar sem nemendur standa saman í hring og kasta á milli sín lýsingarorðum og stigbreyta þeim í námsleik. Stöðvavinnan tekur um það bil 20-30 mínútur. Lýsingarorðið verður að vera í tengslum við umhverfið og er leikurinn þannig að nemendur standa saman í hring og eiga að hugsa sér lýsingarorð sem tengist umhverfinu. Kennari tekur þátt og byrjar leikinn með því að segja eitt lýsingarorð og kastar síðan bolta til nemanda sem stigbreytir orðinu og kastar síðan á annan nemanda sem klárar stigbreytinguna. Síðan er boltanum kastað á annan nemanda sem kemur með annað lýsingarorð og svo koll af kolli. Þetta er hægt að aðlaga að öðrum málfræðiþáttum eins og fallbeygingu eða reglunni um eitt eða tvö n. Mikilvægt er að allir nái að segja lýsingarorðið sitt áður en leiknum er lokið. Leikurinn er kveikja fyrir áframhaldandi úrvinnslu sem hefur þau markmið að dýpka þekkingu nemenda, vekja áhugahvöt þeirra og gera þá að þátttakendum í eigin námi og verkefnum. Þótt svo að eftirvinnslan sé fremur hefðbundin, þá er hún samt unnin út frá upplifun og reynslu nemenda. Nemendur halda áfram með efniviðinn og upplifunina í næsta íslenskutíma. Best væri að tímarnir væru samfelldir til þess upplifunin sé sem ferskust.

3.-4. kennslustund

Úrvinnsla síðustu kennslustunda byggir á því að nemendur skrifa hver og einn eina málsgrein þar sem lýsingarorðið þeirra kemur fyrir. Nemendur skrifar eina málsgreinina efst á blað í stílabókina sína. Málsgreinin þarf að innihalda lýsingarorðið eða orðin sem nemandinn fann úti eða í tengslum við upplifun hans á stöðvarvinnunni. Setningin þarf að vera málfræðilega rétt og fá nemendur aðgang að þeim gögnum sem þeir þurfa til þess. Gögnin geta til dæmis verið rétttritunarorðabók, leiðréttingarforrit og aðstoð frá kennara.

Nemendur lesa upp málsgreinina sem þeir skrifuðu efst í stílabókina, eitt í einu, á meðan aðrir nemendur skrifa málsgreinarnar í sína stílabók þar til allir hafa lesið upp. Þegar allir eru búnir að lesa upp og skrifa allar málsgreinarnar, skrifar hver og einn nemandi málsgreinina sína upp á meðan leiðrétta aðrir nemendur stafsetningu og skila síðan til kennara. Kennari fer yfir stílinn og skrifar umsögn, leiðsagnarmat og skilar síðan aftur til nemenda (t.d. í næsta íslenskutíma). Athugasemdir kennarans geta beinst að því hversu vel setningin er orðuð sem getur síðan haft þau áhrif að nemendur leggi meiri vinnu í að vanda ritmál sitt.

Yfirfærslugildi:

Yfirfærslugildi kennsluáætlunarinnar er meðal annars það að hægt er að skipta út lýsingarorðum fyrir sagnorð, nafnorð, orð með tvöföldum sam- eða sérhljóðum og stigbreytingin myndi þá víkja málfræðireglum. Tilgangurinn og markmiðið væri það sama eða að þjálfa ákveðna grunnfærni með hjálp innri hvatningu nemenda.

Heimild:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

AD TÍNA LÝSINGARORÐ

LEIÐBEININGAR

1

FYRST ÚTSKYRIR ÞÚ HVÆÐ LÝSINGARORÐ ERU OG HVERNIG ÞAU STIGBREVTAÐ.



2

SÍÐAN FÁ NEMENDUR AÐ KOMA MEÐ LÝSINGARORÐ OG STIGBREVTA ÞEIM, ÞÚ SKRIFAR Á TÖFLUNA. OG SÍÐAN FÁ NEMENDUR LEIÐBEININGAR UM ÞAÐ AÐ FINNA LÝSINGARORÐ SEM ERU LÝSANDI FYRIR UMHVÆFIÐ.



3

NEMENDUR TAKA MEÐ SÉR BLAÐ OG SKRIFFAERI OG FARA ÚT Á LÝSINGARORÐA-VEIÐAR.



4

NÆST FARA NEMENDUR Í LEIK ÞAR SEM DEIR KASTA Á MILLI LÝSINGARORÐUM SEM DEIR FUNDU OG STIGBREVTA ÞEIM Í LEIKNUM.



5

NEMENDUR ERU MEÐ BOLTA OG KASTA HONUM UM LEIÐ OG DEIR SEGJA LÝSINGARORÐIÐ SITT, SÁ SEM GRIPUR STIGBREVTIÐ ÞVI OG KASTAR AFTUR OG SÁ SEM GRIPUR KLÁRAR STIGBREYTINGUNNA OG KASTA ÁFRAM OG ÞANNIG KOLL AF KOLLI ÞAR TIL ALLIR HAFA KOMIÐ MEÐ ORÐIN SIN.

6

ÞEGAR NEMENDUR KOMA INN AFTUR (EÐA Í NÆSTA TÍMA) ÞÁ SKRIFA HVER OG EINN EINA SETNINGU SEM INNIHELDUR LÝSINGARORÐIÐ EÐA ORÐIN SEM ÞEIR FUNDU. SETNINGIN ÞARF AÐ VERA RÉTT SKRIFUÐ OG FÁ NEMENDUR BÆÐI BÆKUR OG AÐSTÖÐ KENNARANS TIL ÞESS.




HVER NEMANDI LES UPP SETNINGUNA SÍNA OG HINIR SKRIFA NIÐUR Í FRAMHALDI AF SINNI EIGIN SETNINGU.

7



AÐ LOKUM SKRIFA NEMENDUR SETNINGUNA SÍNA UPP Á TÖFLU OG HINIR NEMENDURNIR LEIÐRÉTTA.

8



ÞEGAR ALLIR HAFA SKRIFAÐ SÍNA SETNINGU ÞÁ ER VERKEFNIÐ SKILAÐ TIL KENNARANS.



KENNARI FER YFIR VERKEFNIÐ OG METUR. GANGI YKKUR VEL.